


Alþingi
Erindi nr. P 139/1692
komudagur 14.3.2011
LANDGRÆÐSLA RÍKISINS



Alþingi
Nefndasvið
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 09.03.2011
Tilv. 00.25
GS

Efni. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um göngubrú yfir Markarfljót, 432. mál.

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi nefndasviðs Alþingis, dags. 7. mars 2011, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar á tillögu til þingsályktunar um göngubrú yfir Markarfljót, 432. mál. Landgræðslan bendir á að Þórsmörk og aðrir aðliggjandi afréttir austan Markarfljóts hafa um árabil verið friðaðir fyrir allri beit búfjár og að mati Landgræðslunnar er afar mikilvægt er að svo verði áfram. Verði af gerð göngubrúar eins og lagt er til í umræddri þingsályktunartillögu, má það því með engu móti verða til þess að sauðfé komist í Þórsmörk frá Fljótshlíðarafrétti. Landgræðslan leggur því áherslu á að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir til að hindra það með gerð ristarhlíða, eða með öðrum hætti sem hindrar örugglega ferð sauðfjár um umrædda brú.

Þá er rétt að benda á, að eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er gríðar mikil umferð ferðafólks um Þórsmörkumsvæðið og og sem væntanlega ykist enn með tilkomu göngubrúarinnar. Auk þess má gera ráð fyrir að umferð um svæðið breytist og álag á einstakar leiðir eða staði aukist. Gróður í Þórsmörk og á aðliggjandi svæðum er mjög viðkvæmur, ekki síst eftir öskufall s.l. sumars. Sama á við um stór svæði á Fljótshlíðarafrétti, en ökuleiðin þar frá Þórólfsfell að Einhyrningsflötum liggur nánast að öllu leyti um land sem grætt hefur verið upp á síðustu áratugum með áburðargjöf og gerð varnargarða.

Landgræðslan bendir því á að nauðsynlegt er að gerðar verði ráðstafanir til að gróður spillist ekki vegna umferðar fólks og farartækja og að hugað verði að mótvægisáðgerðum til að koma í veg fyrir frekari gróðurskemmdir á þessum svæðum, t.d. af völdum utanvegaaksturs, verði að gerð göngubrúarinnar. Landgræðslan er reiðubúin að veita ráðgjöf og aðstoða á annan hátt við undirbúning slíkra mótvægisáðgerða.

Að öðru leyti gerir Landgræðslan ekki efnislegar athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Virðingarfyllt,
f.h. Landgræðslu ríkisins,

Guðm. Stefánsson
sviðsstjóri